

**Nd.**

**357. Nefndarátt**

um frv. til laga um breytingu á lögum nr. 41, 27. júní 1921, um breytingu á 1. gr. tolllaga, nr. 54, 11. júlí 1911, og viðauka við þau lög.

Frá minni hluta fjárhagsnefndar.

Nefndin klofnaði þegar um frumvarp þetta. Minni hl. hennar ræður til að fella frumvarpið, aðallega af þessum þremur ástæðum:

1. Að útreikningar flutningsmanna frumvarpsins eru byggðir á röngum grundvelli.
2. Að ríkissjóður verður fyrir allmiklu tapi, ef frv. verður að lögum, en við því má hann enganvegin, eins og sakir standa.
3. Að verð á tóbaki myndi að voru áliti verða lægra, ef einkasalan heldur áfram, heldur en það gæti orðið ella.

Fyrir þessum ástæðum verða færð nánari rök við framsöguna.

Alþingi, 17. apríl 1925.

Kl. Jónsson, Sveinn Ólafsson. Halldór Stefánsson.  
form. og frsm.